Listasafn
Reykjavíkur

listasafnreykjavikur.is

# Huginn Þór Arason og Andrea Maack:

# Kaflaskipti
# Interval

25. maí – 1. september 2013

Hafnarhús



Sýningarstjóri/Curator
Shauna Laurel Jones

Listahátíð
í Reykjavík

**Tillaga; saga.** Retró sci-fi framtíðarsaga sögð í fyrstu persónu, nútíð. Helgisiðir framkvæmdir í ofskynjun og leynd í hamskiptu musteri, héðan í frá Abstraktsafni óteljandi morgundaga. *Ég hef ferðast svo lengi til að komast hingað – blik stjarnanna og geislar þeirra skilja mig eftir í reiðileysi; ég veit ekki hvort hugur minn sé tómur eða teygður.* Við brennum Louvre til grunna og framtíðin rís úr öskunni. *Ég fyllist þábrá fyrir einhverju sem ég hef aldrei þekkt.* Við erum sem í leiðslu ilmvatnsgerðar-meistarans Maurice Maurin í *The Cave of Forgotten Dreams*, hífuð af steinaldarangan Chauvet-hellisins. Werner Herzog segir að það sé engin lykt eftir. Ilmur er tímavél sem aðeins lyktfarar kunna að stýra.

**Tillaga; innrými.** Tehús, lífsstílsverslun, svið. Fundnar leifar: *Ég á bláa kóbalt-flís keypta í kryddbúð í Marrakesh.* Of kunnuglegt: *Ég er hugmyndin um rými almennt séð.* Tímabils-herbergi fyrir tímabil sem enn þá er óþekkt. Getur verið til frosið augnablik úr augnabliki sem enn hefur ekki átt sér stað?
Við erum í leiðslu Walters Gropius, þar sem hann kallar eftir byggingu framtíðarinnar og prentar dómkirkju Lyonels Feininger á forsíðu Bauhaus-bæklings síns. Hversu hugrökk tímaskekkja – *tréskurðarmynd.*

**Tillaga; ilmur.** Upplifðu það sem opið mannvirki, Abstraktsafnið. Ilmi verður ekki stjórnað. Hann mun líkt og anarkismi smeygja sér inn í allar mögulegar sprungur þangað til byggingin springur í loft upp fyrirvaralaust.

*Humanimal: Fyrst pastelbláir og fjólubláir, síðan svartir og litföróttir. Flöktandi litir sem ekki er hægt að festa. Árásargjarnir, sótugir reykstrókar, húðir villidýra; skógur eftir að myrkva tekur. Söngvar sakleysis og reynslu.*
*Metal Skin: Safn er í sjálfu sér alltaf kunnuglegt, að vissu leyti. Ég náði því í ilminum. Ef til vill er hann enn of beinskeyttur, en við getum gert hann meira abstrakt.*
*Stardust: Mér líkaði best við hreinu, vatnskenndu tilfinninguna. Ef hægt væri að draga úr sápupúðrinu og gera hann ferskari. Á móti ferskleikanum munum við þurfa eitthvað í ögrandi andstöðu til að ná jafnvægi – heitt plast, bráðið silfur.*
*Dark Mist: Sykursætir leysigeislar, skær logi. Meira af þessu. Meira myrkur. Sætt helvíti.*

**Tillaga; mannvirki.** Uppi á sviði, baksviðs, blindandi ljós. Að vega salt á milli ákveðni og óvissu. Nútíðinni er þjappað saman í framtíðina; framtíðin er þykkni, eimuð margoft. Þrjátíu þúsund ár hafa liðið og lyktin í Chauvet-hellinum hefur aldrei verið jafn sterk.

Við erum í leiðslu sólar Ólafs Elíassonar sem glóir í Túrbínusal Tate Modern, nema ekki í Túrbínusal Tate Modern heldur í endursköpun Marc Jacobs í tilefni New York Fashion Week. Framtíð listarinnar er á gangvegum tískusýninga, framtíð listarinnar eru gluggauppstillingar í boutique-verslunum stórborgarinnar.

**Tillaga; eitthvað dýrmætt.** Ilmur í föstu formi, nýtt gulltryggt viðmið fyrir framtíðina. Angandi litarefni, svo þú getur púðrað augnlokin með tímanna rás. Við munum klístra Abstraktsafninu á andlit þitt; við munum meitla dýrmætan bút úr því fyrir þig, hann mun lita hendur þínar. Framtíðin mun marka sín spor – notist í smáum skömmtum.

Eða voldugur klumpur af ilmandi vaxi, óaðfinnanlega mótaður til fullkomnunar, síðan brotinn í sundur kerfisbundið, klump eftir klump. Hverjum bút pakkað í nýjan, handgerðan poka. Selt eftir vigt, líkt og kóbalt í Marrakesh. Við erum sem í leiðslu vandvirkni og fágunar hinnar handgerðu geometríu handverkslistamannanna í Wiener Werkstätte, í grænum, svörtum, rauðum og gylltum litum.

Eða ef til vill eitthvað svo dýrmætt að það er alls ekki til staðar.

**Shauna Laurel Jones**

Þýðing:
Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Bjarki Bragason

**Proposal for a story.** A retro sci-fi future told in the first-person present. Clandestine and psychedelic rituals performed in a shape-shifting temple, the Abstract Museum of countless tomorrows from now. *I've travelled so far to get here—the whirring and blurring of stars and streaks through the window has left me spaced out, stretched out; I don't know whether my mind is exhausted or expanded.* We burn down the Louvre and the future rises from the flames. *I am filled with nostalgia for something I have never known.*

We channel master perfumer Maurice Maurin in *The Cave of Forgotten Dreams*, intoxicated by the Stone Age smells of Chauvet Cave. Werner Herzog says there's no smell left. Scent is a time machine only aromanauts may operate.

**Proposal for an interior.** A teahouse, a concept shop, a stage. Found remnants: *I have a cobalt blue chip bought in a spice shop in Marrakech.* Too familiar: *I am the concept of space in general.* A period room of a period yet unknown. Can there be a frozen moment of a moment yet to be?

We channel Walter Gropius as he summons the building of the future and prints Lyonel Feininger's cathedral on the cover of his Bauhaus brochure. What brave anachronism—*a woodcut.*

**Proposal for a fragrance.** Experience it as an open structure, the Abstract Museum. There is no controlling scent. It will seep like anarchy into every crack imaginable until suddenly the building will explode.

*Humanimal: First pastel blues and purples, then iridescent blacks. Colors that can't be pinned down. Aggressive plumes of sooty smoke; wild animal skins; the forest after dark. Songs of Innocence and of Experience.*

*Metal Skin: A museum in itself is always familiar, in a sense. And I caught that in the smell. It might still be too direct, but we could make it more abstract.*

*Stardust: It was the ozonic feel I liked the most. If this can be made less powdery and more fresh. With this freshness we're going to need something edgy to counterbalance it—hot plastic, melted silver.*

*Dark Mist: Candy-sweet lasers, a pure burn. More of this. More darkness. Sweet hell.*

**Proposal for a structure.** Onstage, backstage, blinding lights. A balancing act between decisiveness and uncertainty. The future is the present in condensed form; the future is a series of distillations. Thirty thousand years later and the odors in Chauvet Cave have never been so strong.

We channel Ólafur Elíasson's glowing sun in the Tate Modern Turbine Hall, only not in the Tate Modern Turbine Hall, but resurrected by Marc Jacobs in the name of New York Fashion Week. The future of art is on the catwalk; the future of art is in the window dressings of the big-city boutique.

**Proposal for something precious.** Scent in solid form, a new gold standard for the future. Scented pigments, so that you may wear the essence of time as an eye shadow. We will smudge your face with the Abstract Museum; we will chisel off a precious piece for you and it will stain your hands. The future will leave its mark—use sparingly.

Or a monumental lump of infused wax, painstakingly sculpted to perfection, then methodically broken apart lump by lump. Each fragment wrapped and packed in a crisp hand-made bag. Sold by weight, like cobalt in Marrakech. We channel the careful refinement of the artist-craftsmen of the Wiener Werkstätte and their handmade geometry in green, black, red, and gold.

Or perhaps something so precious that it's not there at all.

**Shauna Laurel Jones**

**Andrea Maack** útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2005. Teikningar hennar eru undirstaða verka sem vega salt á milli myndlistar og tísku, og leika sér með hugmyndir um myndlist sem hægt er að ganga í eða á líkamanum. Verk á sýningum hennar hafa m.a. tekið form fatnaðar, handlóða og fylgihluta. Árið 2010 sendi Andrea frá sér línu af ilmum sem eiga uppruna sinn í sýningum hennar. Merkið hefur færst af jaðrinum og fæst nú víða um heim. (andreamaack.com)

**Huginn Þór Arason** útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2002 og hlaut MA-gráðu frá Akademie der bildenden Künste í Vín árið 2007. Verk hans og innsetningar eru oft á tíðum gjörninga- og ferlistengd, og endurspegla þau áhuga hans á umbreytingu sýningarrýmisins og taka fyrir samstarf, gildismat og framleiðslu, í félagslegum skilningi. Hann sat í stjórn listamannarekna sýningarrýmisins Suðsuðvestur í Reykjanesbæ og hefur frá 2007 verið aðjúnkt við Listaháskóla Íslands. Á árinu 2008 sá hann um stofnun gjörningaarkífs Nýlistasafnsins, en hann sat í stjórn þess frá 2006 til 2010. Árið 2009 hlaut hann styrk úr Listasjóði Dungal. Huginn hefur m.a. sýnt í Berlín, Hamborg, New York, Melbourne, Vín og Reykjavík en árið 2010 tók hann þátt í fyrsta Norræna myndlistarþríæringnum í Eskilstuna í Svíþjóð.

**Shauna Laurel Jones** hlaut MA-gráðu frá University of California í Santa Barbara og hefur búið í Reykjavík frá árinu 2007. Hún hefur skrifað um íslenska myndlist og listamenn fyrir Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar sem og ýmsar útgáfur, meðal annars bókina Icelandic Art Today (Hatje Cantz, 2010). Árið 2010 skipulagði Shauna alþjóðlegu ráðstefnuna Art in Translation sem fór fram í Norræna húsinu og Háskóla Íslands. Hún kennir listasögu við Myndlistaskólann í Reykjavík og er aðjúnkt-leiðbeinandi í listfræði við Listaháskóla Íslands. Kaflaskipti er fyrsta verkefni hennar sem sýningarstjóri.

**Andrea Maack** graduated from the Iceland Academy of the Arts in 2005. Maack's pencil and mixed-media drawings form a basis for her artwork that treads the border with fashion and plays with the concept of wearable art. Her exhibition pieces are one-offs and have included garments constructed out of her original drawings. In 2010 Maack launched her line of fragrances created through her exhibitions. The niche brand, now retailing worldwide, has fast become a favorite within the perfume world as well as fashion and art circles.

**Huginn Þór Arason** graduated from the Iceland Academy of the Arts in 2002 and received an MA from the Academy of Fine Arts Vienna in 2007. His performative and often process-based work and installations reflect an interest in transforming the role of the exhibition space and addressing ideas of collaboration, values, and means of production within social frameworks. Arason served on the board of the artist-run exhibition space Suðsuðvestur in Reykjanesbær and has taught as an adjunct at the Iceland Academy of the Arts since 2007. In 2008 he oversaw the founding of the performance archive at the Living Art Museum, where he also was a board member from 2006 to 2010. Arason has exhibited in various venues in Berlin, Hamburg, New York, Melbourne, Vienna, and Reykjavík. In 2010 Arason took part in the first Nordic Art Triennial held in Eskilstuna, Sweden, and was a recipient of the Dungal Art Prize.

**Shauna Laurel Jones** holds an MA in art history from the University of California, Santa Barbara, and has lived in Reykjavík since 2007. She has written on Icelandic art and artists for the Icelandic Art Center as well as for several publications including the anthology *Icelandic Art Today* (Hatje Cantz, 2010). In 2010 Jones organized the international conference Art in Translation at the Nordic House and the University of Iceland. She currently teaches art history at the Reykjavík School of Visual Arts and is an adjunct instructor of art theory at the Iceland Academy of the Arts. *Interval* is her first curatorial project.

—

**Styrktaraðilar/With sponsorship from:**
Favini
LogoFlex
**Listamennirnir og sýningarstjórinn vilja þakka eftirfarandi aðilum veittan stuðning/The artists and the curator would also like to thank the following:**
Borgarleikhúsið (Reykjavík City Theatre), Listaháskóli Íslands (Iceland Academy of the Arts), Myndlistaskólinn í Reykjavík (Reykjavík School of Visual Arts), Prentmet, Arnar Hafliðason, Birta Rós Brynjólfsdóttir, Bjarki Bragason, Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, Hafþór Yngvason, Ingibjörg Agnes Jónsdóttir, Unnar Örn, Vincent Ricord
**Hönnur og framleiðsla/Design and production:**
Gísli Sverrisson
**Uppsetning/Installation:**
Halla Birgisdóttir, Hrönn Gunnarsdóttir, Ingirafn Steinarson, Jón Teitur Sigmundsson, Ólöf Rún Benediktsdóttir